

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2017

Þann 6. apríl 2017 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Klara Hrönn Sigurðardóttir yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 99,99% hluta í félaginu og fer Hreiðar Bjarnason með öll þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja. Auk fulltrúa hluthafa voru stjórnarmennirnir Sigurbjörn J. Gunnarsson, Jón Þór Grímsson, Kristinn Ingi Lárusson og Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri félagsins Helgi Þór Arason, endurskoðendurnir Sturla Jónsson og Davíð Arnar Einarsson frá endurskoðunarfélaginu Grant Thornton ehf. sem er endurskoðunarfélag Landsbréfa. Þá voru mættir á fundinn frambjóðendur í stjórnarkjöri, Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri Landsbankans, auk ýmissa gesta og starfsmanna félagsins.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar
4. Breytingar á samþykktum
5. Kjör stjórnar félagsins
6. Kjör endurskoðunarfélags
7. Starfskjarastefna félagsins
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Gengið var til umræðu og afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar félagsins

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins flutti skýrslu stjórnar um hag og rekstur á liðnu starfsári. Hann hóf mál sitt með umfjöllum um stöðu efnahagsmála. Í máli hans kom fram að rekstur Landsbréfa hefði gengið einstaklega vel á árinu 2016 og skilaði félagið góðri arðsemi til eiganda síns, Landsbankans. Sjóðir félagsins skiluðu almennt góðum árangri þrátt fyrir að markaðsaðstæður hafi að mörgu leyti verið erfiðar á árinu. Í máli formannsins kom fram að hreinar rekstrartekjur ársins hefðu numið 1.730 milljónum króna samanborið við 1.569 milljónir króna árið 2015. Hagnaður af rekstri hefði numið 877 milljónum króna fyrir skatta og 702 milljónum króna eftir skatta samkvæmt rekstrarreikningi

Eigið fé Landsbréfa hf. í árslok nam 3.150 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 112,6% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum. Á síðasta aðalfundi var samþykkt stefna að greiða að minnsta kosti helming hagnaðar í arð og í kjölfarið af því hefur stjórn Landsbréfa hf. ákveðið að leggja til að greiddur verði 500 milljónir króna arður, en hagnaði félagsins að öðru leyti verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins. Tillagan er sett fram í ljósi góðrar afkomu og stöðugleika í rekstri félagsins. Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins muni áfram einkennast af stöðugleika og félagið muni halda áfram að þróa sjóðaframboð sitt í takt við þróun á markaði og eftirspurn frá fjárfestum. Í máli Sigurbjörns hrósaði hann starfsfólki félagsins fyrir góð störf og sagði það ljóst að mikilvægt væri að félagið gæti áfram haft innan sinnar raða gott fólk og að félagið gæti boðið samkeppnishæf laun og góða starfsaðstöðu.

Aðalfundur fyrir árið 2015 var haldinn þann 18. mars 2016 að Borgartúni 33 í Reykjavík. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Á árinu 2016 voru haldnir 11 stjórnarfundir. Tvær nefndir voru starfandi, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Á árinu 2016 störfuðu 17 starfsmenn hjá félaginu og var heildarfjárhæð launa og annarra greiðslna til þeirra og stjórnarmanna félagsins samtals 411 milljónir króna á árinu. Fjöldi ársverka á árinu var 16. Formaður stiklaði á stóru yfir sjóðaframboð félagsins. Landsbréf fengu á árinu endurnýjun viðurkenningar sem veitt er fyrirmyndarfyrirtækjum í góðum stjórnarháttum en Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands veita viðurkenninguna. En félagið leggur áherslu á að stjórnarhættir þess séu til fyrirmyndar.

Í lok ræðu sinnar greindi formaður frá því að hann væri ekki í framboði til áframhaldandi setu í stjórn Landsbréfa. Hann vildi því nota tækifærið til að þakka meðstjórnendum sínum, fulltrúum landsbankans og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið sem hann kvað hafa verið ánægjulegt. Hann óskaði félaginu góðs gengis og nýrri stjórn velfarnaðar á komandi árum.

2. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2016 lagður fyrir til samþykktar

Ársreikningur félagsins lá frammi til samþykktar. Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri félagsins, fór nánar yfir uppgjör félagsins og helstu liði þess. Hann stiklaði jafnframt á stóru yfir helstu starfseminu á liðnu ári og það sem af er yfirstandandi ári. Helgi þakkaði Sigurbirni og Sigríði Hrund fyrir vel unnin störf og óskaði nýjum stjórnarmönnum velkomna. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Ársreikningur félagsins var lagður fram til samþykktar og hann var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar

Fundarstjóri vísaði til umfjöllunar formanns félagsins og sagði tillögu stjórnar vera þá að greiddur yrði 500 milljón króna hagnaður og að arðgreiðsla myndi eiga sér stað hinn 5. maí nk. Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillaga stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Breytingar á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

14.gr. samþykktu félagsins orðast svo:

„Stjórn félagsins skal skipuð eigi færri en fimm mönnum og tveimur til vara, kjörnum til eins árs í senn. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega en stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillaga stjórnar borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Fundarstjóra og fundarritara var falið að annast nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár.

5. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim einstaklingum sem eru í kjöri til stjórnar og varastjórnar. Í framboði til aðalstjórnar eru þau Helga Gunnarsdóttir, Jón Þór Grímsson, Kristinn Ingi Lárusson, Sigríður Hrólfsdóttir, Þórunna Jónsdóttir og til varastjórnar þau Guðjón Valgeir Ragnarsson og Heiður Agnes Björnsdóttir. Í framboði til stjórnarformanns er Sigríður Hrólfsdóttir. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Fundarstjóri lýsti því framangreinda aðila rétt kjörna í stjórn Landsbréfa hf. og Sigríði Hrólfsdóttur rétt kjörna sem formann stjórnar. Heimild veitt til fundarstjóra og fundarrita að ganga frá nauðsynlegum tilkynningum til fyrirtækjaskrár.

6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn legði til að Grant Thornton ehf. yrði endurkjörrið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa hf., en fulltrúar þeirra voru mættir á fundinn. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og var Grant Thornton ehf. þar

með lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Fulltrúar þeirra voru staddir á fundinum.

7. Starfskjarastefna félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að gildandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt óbreytt, en stefnan fylgdi með fundargögnum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og var hún samþykkt.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um þóknun til stjórnar, sem gerir ráð fyrir að hún verði óbreytt. Tillagan er sú að þóknun til stjórnarmanna verði 200.000 kr. á mánuði og að mánaðarleg þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 50.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna. Þá er lagt til að þóknun til undirnefnda stjórnar, þ.e. starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar, verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund og tvöföld sú fjárhæð fyrir nefndarformann. Þá er lagt til að ekki skuli greiða þóknun fyrir fleiri en einn fund í undirnefndum stjórnar á mánuði og að ekki verði greidd þóknun til starfsmanna í samstæðu Landsbankans hf. vegna starfa þeirra í stjórn eða undirnefndum stjórnar Landsbréfa. Sú þóknun sé greidd til Landsbankans hf. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál

Undir þessum lið kvaddi Hreiðar Bjarnason, fulltrúi Eignarhaldsfélags Landsbankans hf. sér hljóðs. Hann ávarpaði fundinn og þakkaði sérstaklega stjórn Landsbréfa hf., framkvæmdastjóra félagsins og starfsmönnum þess fyrir vel unnin störf. Hann sagði félagið vera að skila árangri gagnvart viðskiptamönnum með góðri ávöxtun sjóða og einnig gagnvart eigendum með góðri rekstrarafkomu og arðgreiðslu sem vonandi yrði áframhald á næstu ár.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð og nauðsynlegum tilkynningum til fyrirtækjaskrár. Fleira var ekki rætt á fundinum. Fundargerð var lesin upp í lok fundar og fundi slitið kl. 16.45.

Þannig farið fram.

[sign]

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

[sign]

Klara Hrönn Sigurðardóttir, fundarritari